



Ávarp forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á þingi Neytendasamtakanna  
24. apríl 1998

Ágætu þingfulltrúar

Fyrr á öldum var þjóðfélagið í föstum skorðum. Hver og einn hafði sinn sérstaka sess. Hagsmunirnir voru eðlileg afleiðing hinnar afmörkuðu stöðu. Bóndinn, sjómaðurinn, kaupmaðurinn, sýslumaðurinn og presturinn. Í árhundruð var sú upptalning nánast tæmandi lýsing á íslenski samfélagsgerð.

Við þekkjum öll hvernig þéttbýlismyndun, togaraútgerð, tækniframfarir og aukin tengsl við umheiminn breyttu þessum veruleika. Ísland varð hluti af alþjóðlegri þróun sem á síðari árum hefur jafnt og þétt aukið hlutdeild þjónustu, upplýsinga og fjölmiðlunar í umbyltingu neyslu, atvinnuhátta og lífsstíls.

Hraði breytinganna er nú orðinn svo samofinn hversdagslegri reynslu að oft er erfitt að greina þegar grunnþættir samfélagsskipun-arinnar taka stakkaskiptum.

Aukið vægi markaðarins er orðið helsta hreyfiaflið á flestum sviðum. Æ fleira kemur þar til uppgjörs og tengsl samfélaga og þjóða ráðast æ meir af samspili ólíkra markaðsafla vítt um veröldina.

Slíkur er áhrifamáttur þessara breytinga að stundum er hlutverk markaðarins gert að kennisetningu, hafið í æðra veldi, gefin nánast yfir náttúrulegur máttur. Þau úrslit sem þar ráðast eru gerð að yfirlögmáli mannlegra samskipta.

Í slíkri orðræðu er sú mynd gjarnan dregin upp af manninum að hann leiti jafnan háþöfnar á hagnaði og velji ætíð þá kosti sem eru fjárhagslega hagkvæmastir. Maðurinn sé í reynd einnar víddar vera.

En lífið er ofið úr fleiri þráðum en viðskiptunum einum.

Trúin og tilbeiðslan móta líka manninn. Boðorð Biblíunnar eru helguð öðrum lögmálum en markaðinum og siðgæðið er í flestum trúarbrögðum talið birtast þá fyrst þegar í því felist fórn, afneitun á eigin hag.

Menningin mótar líka verk okkar og val á sjálfstæðan hátt. Hví glímdi fámenn þjóð við nyrsta haf um aldir við erlenda áþján og óblíð náttúruöfl? Hví erum við stolt af uppruna okkar, bókmenntum, ljóðum Jónasar, texta Njálu, myndum Kjarvals, ferskeytlu bóndans og tónlist Bjarkar? Svörin felast í margbrotnum áhrifavef íslenskrar menningar.

Ástin er svo þriðja dæmið um orsakavald sem ræður lífi og örlögum, ákveður val á lífsförunaut og umvefur börn kærleika og hlýju án þess að sífellt sé verið að meta kostnað og ávinning. Og sé ástin blind, eins og oftast mun nú vera, þá spyr hún eigi um arðsemi eða hvort makavalið sé skynsamleg fjárfesting að dómi þeirra ráðgjafa sem ráða á verðbréfa-markaði og í hlutabréfasjóðum.

Það er ekki ætlun mín í upphafi þessa þings að hefja umræður um heimspeki tilverunnar og eðli samfélagsins en þó er hér kjörinn vettvangur til að minna á að maðurinn er ekki einnar víddar vera, að hinn einhæfi mælikvarði markaðarins getur aldrei skilað nema afmörkuðum ávinningi, þótt sá afrakstur sé vissulega mikilvæg forsenda framfara.

Eigi kostir markaðarins að njóta sín verður margt fleira að fylgja með. Einkum vegna þess að mikilvægum þáttum hagsmunanna verður aldrei nægilega gætt í viðskiptum á ólíkum markaðstorgum. Oft vegna þess að ávinningurinn kemur til allra jafnvel þótt flestir hafi aldrei lagt það á sig að biðja um hann eða berjast fyrir honum.

Það er í þessum skurðarfleti markaðar og samfélagslegra hagsældar sem neytendasamtök finna í senn vanda sinn og tækifæri.

Nái þau árangri njóta allir ávaxtanna, gæðin verða almenn, vöruvöndunin sjálfsögð, þjónustan söm og jöfn.

Markaður án öflugrar neytendavitundar, án virkrar vöku og verndar í þágu neytandans, skilar samfélaginu aðeins takmörkuðum árangri.

Þess vegna eru verkefni neytendasamtaka samofin framþróun og hagsæld, ekki aðeins samfélagsins alls heldur einnig hvers og eins.

Vissulega hefur oft skort á að nægilegur skilningur hafi verið hér á landi á þessu lykilhlutverki neytendaverndar. Með aukinni fjölmiðlun, vaxandi upplýsingum, tæknibyltingum sem efla sjálfstætt valfrelsi og einnig með sí auknu framboði á vöru og þjónustu á markaðssvæði sem í reynd er nú þegar orðið heimurinn allur, þá verður varðsveit neytenda sífellt mikilvægari leiðsöguafli um umferðaræðar viðskiptanna.

Ávinningur Íslendinga af nútímavæðingu lífshátta og verslunar mun í framtíðinni ráðast að hluta af því hve öflug neytendavíddin verður í viðhorfum einstaklinga, fyrirtækja og reyndar samfélagsins alls.

Þótt íslensku neytendasamtökin hafi oft þurft á brattann að sækja hefur árangurinn verið mikill og fer vaxandi en gleymum þó eigi þeirri staðreynd að eðli skurðflatarins sem ég nefndi áðan verður ávallt á þann veg að jafnan kann að verða minna um þakkirnar.

Ég óska ykkur heilla í störfum á þessu þingi og vona að sú gerjun sem jafnan fylgir baráttu ykkar og viðfangsefnum haldi áfram að verða landsmönnum öllum til góðs.